



HRUNAMANNAHREPPUR

26. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 7. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 20. MAÍ 2020

KL. 14.00 Í FÉLAGSHEMILINU FLÚÐUM

Árið 2020, þann 20. maí kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Huppusal Félagsheimilisins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Samþykkt að bæta erindi frá Markaðsstofu Suðurlands undir lið 5.

Erindi til sveitarstjórnar:

- 1. Friðlýsingarskilmálar í Kerlingarfjöllum: Endurskoðun á bráðabirgðarákvæði.**

Oddviti kynnti tillögu að breytingum á bráðabirgðarákvæði í friðlýsingarskilmálum vegna Kerlingarfjalla. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og fagnar því að hægt sé að klára friðlýsingarferlið í Kerlingarfjöllum.
- 2. Plan við Félagsheimili: Niðurstaða verðkönnunar.**

Oddviti kynnti niðurstöðu verðkönnunar í frágang á plani við Félagsheimilið á Flúðum. Tveir aðilar gerðu tilboð í verkið, Gröfutækni að fjárhæð kr. 30,8 millj. og Fögrusteinar kr. 27,9 millj. en kostnaðaráætlun hljóðaði upp á kr. 36,5 millj. Sveitarstjórn samþykkir að ganga að tilboði Fögrusteina og felur sveitarstjóra að ganga frá verksamningi.
- 3. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni um rekstrarleyfi vegna Hrunamannavegar 1.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um endurnýjun á rekstrarleyfi vegna veitingarstaðarins Minilik að Hrunamannavegi 1 á Flúðum. Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda beiðni fyrir sitt leyti og óskar eftir afriti rekstrarleyfisins við útgáfu þess.
- 4. Gistiheimilið Flúðum: Upplýsingamiðstöð.**

Oddviti kynnti erindi frá Gistiheimilinu Flúðum á Grund þar sem boðið er upp á aðstöðu hjá þeim fyrir upplýsingamiðstöð ferðamála. Sveitarstjórn samþykkir að ganga til tímabundins samnings við Gistiheimilið um aðkomu að rekstri almenningsalerna og felur sveitarstjóra og ferðamálafulltrúa Uppsveita að ræða við þau.
- 5. Covid-19: Staða og horfur.**

Lögð voru fram til kynningar minnisblað vegna fundar sveitarfélaganna í SASS, úthlutun á tveimur sumarstörfum fyrir námsmenn frá Vinnumálastofnun og erindi frá Markaðsstofu Suðurlands um stuðning í verkefnið „Gagnvirkt Suðurland“ en hlutur Hrunamannahrepps yrði kr. 137.779.
Oddviti og sveitarstjóri fóru almennt yfir stöðuna vegna Covid-19 mála í Hrunamannahreppi, áhrifin á samfélagið og verkefni næstu vikna og mánaða í því sambandi.
Sveitarstjórn samþykkir stuðning við verkefni Markaðsstofu Suðurlands.
- 6. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingar á barnalögum.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um til laga um breytingar á barnalögum.
- 7. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um samvinnuverkefni um vegaf framkvæmdir.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um samvinnuverkefni um vegaf framkvæmdir.
- 8. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um svæðisbundna flutningsjöfnun.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um svæðisbundna flutningsjöfnun.

9. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Sveitarstjórn styður frumvarpið en hefur áhyggjur af því að verkefnið verði ekki nægilega fjármagnað.
10. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um útlendinga og atvinnuréttindi útlendinga.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um útlendinga og atvinnuréttindi útlendinga.
11. **Íbúafundur.**
Oddviti ræddi um árlegan íbúafund sem haldinn hefur verið til að kynna fyrir íbúum síðasta ársreikning sveitarfélagsins. Sveitarstjórn ákveður að íbúafundur verði haldinn þriðjudaginn 9. júní kl. 20:00 í Félagsheimilinu á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

12. **Veitustjórn: Fundargerð 16. fundar frá 11. maí s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 16. fundar veitustjórnar frá 11. maí s.l. Farið var yfir beiðni frá stjórn Hitaveitu Grafarhverfis um viðræður um nýtingu holunnar og möguleika á að auka heitavatnsöflun fyrir Hitaveitu Flúða. Þá var farið yfir rekstrarniðurstöður fyrir vatns- og fráveitu vegna ársins 2019. Fjallað var um framtíðarmál vatnsveitunnar og uppbyggingu hennar og umsagnarbeiðni frá Umhverfisstofnun vegna friðlýsingar í Kerlingarfjöllum og Geysi vegna rammaáætlunar. Farið yfir stöðu framkvæmda hjá Hrunaljósi vegna lagningar á ljósleiðara í Flúðahverfið vegna verklegra framkvæmda, efniskaupa og blásningu á ljósleiðara. Lögð voru fram einingarverð frá Gröfutæki í verklegar framkvæmdir og samþykkt að kanna hvort væri áhugi annarra verktaka í sveitinni vegna þeirra. Þá var samþykkt að Hitaveitan styrki Ásæl um kr. 50.000 vegna uppbyggingu og viðhalds fjallaskála. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
13. **Umhverfisnefnd: Fundargerð 11. fundar frá 5. maí s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 3. fundar umhverfisnefndar frá 5. maí s.l. Farið var yfir umhverfisverðlaun og umhverfishrós Hrunamannahrepps 2020, skoðað og farið yfir beitilandskortíð Grólinn og kynnt tillaga að friðlýsingu Kerlingarfjallasvæðisins. Áætlun og uppgjör á refaveiðum kynnt og bent á að gönguleiðin á Miðfell þarfnast viðhalds. Sveitarstjórn tekur undir að gönguleiðin upp á Miðfell þyrfti lagfæringar við og þá þyrfti að koma upp upplýsingarskilti við bílastæði. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.
14. **Atvinnu-, ferða og menningarnefnd Hrunamannahrepps: Fundargerð 10. fundar frá 2. apríl s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 10. fundar atvinnu, ferða- og menningarnefndar frá 2. apríl s.l. Farið var yfir gönguferðir í Hrunamannahreppi sumarið 2020 og ljósmyndasamkeppnina. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
15. **Atvinnu-, ferða og menningarnefnd Hrunamannahrepps: Fundargerð 11. fundar frá 14. maí s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 11. fundar atvinnu, ferða- og menningarnefndar frá 14. maí s.l. Á fundinn mættu ferðabjónustuaðilar í Hrunamannahreppi ásamt ferðamálafulltrúa Uppsveita þar sem rætt var um stöðuna vegna Covid-19 og mögulegar aðgerðir. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
16. **Skólanefnd: Fundargerð 11. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 14. maí s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 11. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla frá 14. maí s.l. Farið var yfir stöðuna í skólanum vegna Covid-19 faraldursins og skóladagatal 2020-2021 lagt fram og samþykkt. Þá var fjallað um úthlutun úr endurmentunarsjóði grunnskóla og ný mál sem tekin yrðu fyrir á næsta fundi. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
17. **Skólanefnd: Fundargerð 11. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 15. maí s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 11. fundar skólanefndar vegna Undralands frá 15. maí s.l. Farið var yfir stöðuna í skólanum vegna Covid-19 faraldurs og skóladagatal 2020-2021 lagt fram og samþykkt með áorðnum breytingum. Leikskólastjóri kynnti helstu niðurstöður vegna foreldrakönnunar og farið yfir gátlista fyrir næsta fund. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

18. Fundargerð 195. fundar skipulagsnefndar frá 13. maí s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 195. fundar skipulagsnefndar frá 13. maí og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. maí s.l.

Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 13. Syðra-Langholt 1 og 3. Deiliskipulag.

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi fyrir Syðra-Langholt 1 og 3 í Hrunamannahreppi. Í skipulaginu felst skilgreining lóðarmarka og byggingarheimilda á svæðinu. Innan skipulagsins er leitast við að koma á framfæri þeirri þróun sem gæti orðið með núverandi byggingum með tilliti til þeirrar búsetu sem nú er á jörðinni.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt með fyrirvara um lagfæringu gagna. Deiliskipulagið fái málsmeðferð í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eftir lagfæringu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið með fyrirvara um lagfæringu í samræmi við skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eftir lagfæringu.

Mál nr. 14. Steinhlið. Fyrirspurn vegna viðbyggingar iðnaðarhúsnæðis.

Lögð er fram fyrirspurn frá Helga Kjartanssonar fyrir hönd Hús og Stiga ehf., móttækin 05.05.2020 um byggingarleyfi til að byggja við iðnaðarhúsnæði sem er 232 m² á íbúðarhúsalóðinni Steinhlið (L166904) í Hrunamannahreppi. Heildarstærð eftir stækkun á húsnæði verður ca. 328 m². (Lenging um 8 metra til austurs)

Samkvæmt deiliskipulagi svæðisins er gert ráð fyrir að lóð íbúðarhúss (Steinhlið) og iðnaðarhúss séu á sitthvorri lóðinni við Túngötu. Lóð iðnaðarhúsnæðis er 1049 m² og uppgefið nýtingarhlutfall hennar 0,35 samkvæmt deiliskipulagi. Á lóðinni er því byggingarheimild fyrir 367,15 m² húsnæði. Heimild fyrir stækkun ætti því að rúmast innan lóðarinnar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn að málinu verði frestað þangað til að gengið hefur verið frá skiptingu lóða á svæðinu og/eða deiliskiplagi verði breytt með þeim hætti að lóðir verði sameinaðar í eina og byggingarreitur rýmkaður.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málinu verði frestað þangað til að gengið hefur verið frá skiptingu lóða á svæðinu og/eða deiliskipulagi verði breytt með þeim hætti að lóðir verði sameinaðir í eina og byggingarreitur rýmkaður.

Mál nr. 15. Frægðarver Hrunamannaafrétti. Deiliskipulag fjallaskála.

Lagt er fram deiliskipulag fyrir fjallaskála að Frægðarveri á Hrunamannaafrétti eftir auglýsingu til afgreiðslu. Athugasemdir bárust á auglýsingatíma frá Náttúruverndarsamtökum Suðurlands.

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi fjallaselja (Frægðarver, Leppistungur, Grákollur, Efri-Kisubotnar, Helgaskáli, Heiðará, Rofshólar, Miklöldubotnar og Fosslægur) og skálasvæðis (Svínárnes). Skipulagstillagan hefur verið kynnt skv. 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdir bárust frá Náttúruverndarsamtökum Suðurlands þar sem fyrri athugasemdir sem bárust við kynningu skipulagsins voru ítrekaðar. Skipulagsnefnd telur að brugðist hafi verið við þeim ábendingum sem eiga við, m.a. með því að skýra betur samræmi við aðalskipulag og mögulega mænishæð bygginga ásamt umfangs deiliskipulagssvæðis. Skipulagsnefnd UTU bendir á að þó að lóðir geti að einhverju marki talist rúmar, þá sé það m.a. til að ná yfir vatnsból, hestagerði o.fl. þá nái fyrirhuguð uppbygging einungis yfir lítið svæði, eða um 1-2 ha. sem skilgreint er sem afþreyingar- og ferðamannasvæði án þess að öll lóðin sé skilgreind sem slík. Víðerni á Hrunamannaafrétti hafa ekki verið kortlögð. Skipulagsnefnd UTU telur að uppbygging á skálasvæði í Svínárnesi sé ekki tilkynningarskyld framkvæmd, sbr. lög nr. 106/2000, lið 12.05.

Umsögn barst frá Forsætisráðuneytinu dags. 4. maí 2020 þar sem ekki voru gerðar athugasemdir við deiliskipulagstillögur með fyrirvara um samþykki ráðuneytis fyrir nýtingu lands innan þjóðlenda í samræmi við 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998. Að auki tiltekur ráðuneytið í umsögn sinni mikilvægi þess að vernda

óbyggð víðerni og að á miðhálandinu sé uppbygging ferðamannaáðstöðu takmörkuð við mannvirki sem byggð séu utan skilgreindra víðerna, á jaðri miðhálandisins og megin leiðum. Það gildi sérstaklega um uppbyggingu umfangsmeiri mannvirkja og þjónustu. Ráðuneytið óskaði umsagnar Umhverfis- og auðlindaráðuneytis m.t.t. þess hvort deiliskipulagstillaga samræmdist væntanlegum þjóðgarði á miðhálandinu. Þeirri umsagnarbeiðni var ekki svarað með formlegum hætti. Skipulagsnefnd UTU leggur áherslu á að heimildir deiliskipulags feli í sér mjög hóflegar framkvæmdir sem muni ekki skerða möguleg víðerni, umfram það sem er nú þegar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki deiliskipulagstillögu eftir auglýsingu í samræmi við 41. og 42. gr. skipulagslaga nr.123/2010 og að hún verði send Skipulagsstofnun til yfirferðar áður en hún öðlast gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Fyrir sveitarstjórn liggja framkomnar athugasemdir sem og ábendingar á fyrri stigum skipulagsferilsins sem sveitarstjórn hefur kynnt sér sérstaklega og tekið afstöðu til.

Sveitarstjórn hefur brugðist við þeim ábendingum, m.a. með því að skýra betur samræmi við aðalskipulag og mögulega mænishæð bygginga ásamt umfangi deiliskipulagssvæðis. Sveitarstjórn telur að þó lóðir geti að einhverju marki talist rúmar, þá sé það m.a. til að ná yfir vatnsból, hestagerði o.fl. Þá nái fyrirhuguð uppbygging einungis yfir lítið svæði, um 1-2 ha svæði og það sé skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði en ekki öll lóðin. Forsætisráðuneytinu hafa verið kynntar tillögurnar og er þeirra umsögn jákvæð. Sveitarstjórn leggur áherslu á að um mjög hóflegar framkvæmdir sé að ræða sem ekki muni skerða möguleg víðerni, umfram það sem er nú þegar. Víðerni á Hrunamannafrétti hafa ekki verið kortlögð.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagstillöguna eftir auglýsingu í samræmi við 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að hún verði send Skipulagsstofnun til yfirferðar áður en hún öðlast gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Mál nr. 16. Svínárnes Hrunamannafrétti. Deiliskipulag skálasvæðis.

Lagt er fram deiliskipulag skálasvæðis að Svínárnesi á Hrunamannafrétti eftir auglýsingu til afgreiðslu. Athugasemdir bárust á auglýsingatíma.

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi fjallaselja (Leppistungur, Grákollur, Efri-Kisubotnar, Helgaskáli, Heiðará, Rofshólar, Frægðarver, Miklöldubotnar og Fosslægur) og skálasvæðis (Svínárnes). Skipulagstillagan hefur verið kynnt skv. 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýst skv. 1. mgr. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Athugasemdir bárust frá Náttúruverndarsamtökum Suðurlands þar sem fyrri athugasemdir sem bárust við kynningu skipulagsins voru ítrekaðar. Skipulagsnefnd telur að brugðist hafi verið við þeim ábendingum sem eiga við, m.a. með því að skýra betur samræmi við aðalskipulag og mögulega mænishæð bygginga ásamt umfangi deiliskipulagssvæðis. Skipulagsnefnd UTU bendir á að þó að lóðir geti að einhverju marki talist rúmar, þá sé það m.a. til að ná yfir vatnsból, hestagerði o.fl. þá nái fyrirhuguð uppbygging einungis yfir lítið svæði, eða um 1-2 ha. sem skilgreint er sem afþreyingar- og ferðamannasvæði án þess að öll lóðin sé skilgreind sem slík. Víðerni á Hrunamannafrétti hafa ekki verið kortlögð. Skipulagsnefnd UTU telur að uppbygging á skálasvæði í Svínárnesi sé ekki tilkynningarskyld framkvæmd, sbr. lög nr. 106/2000, lið 12.05.

Umsögn barst frá Forsætisráðuneytinu dags. 4. maí 2020 þar sem ekki voru gerðar athugasemdir við deiliskipulagstillögur með fyrirvara um samþykki ráðuneytis fyrir nýtingu lands innan þjóðlenda, í samræmi við 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998. Að auki tiltekur ráðuneytið í umsögn sinni mikilvægi þess að vernda óbyggð víðerni og að á miðhálandinu sé uppbygging ferðamannaáðstöðu takmörkuð við mannvirki sem byggð séu utan skilgreindra víðerna, á jaðri miðhálandisins og megin leiðum. Það gildi sérstaklega um uppbyggingu umfangsmeiri mannvirkja og þjónustu. Ráðuneytið óskaði umsagnar Umhverfis- og auðlindaráðuneytis m.t.t. þess hvort deiliskipulagstillaga samræmdist væntanlegum þjóðgarði á miðhálandinu. Þeirri umsagnarbeiðni var ekki svarað með formlegum hætti.

Skipulagsnefnd UTU leggur áherslu á að heimildir deiliskipulags feli í sér mjög hóflegar framkvæmdir sem muni ekki skerða möguleg víðerni, umfram það sem

er nú þegar. Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki deiliskipulagstillögu eftir auglýsingu í samræmi við 41. og 42. gr. skipulagslaga nr.123/2010 og að hún verði send Skipulagsstofnun til yfirferðar áður en hún öðlast gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Fyrir sveitarstjórn liggja framkomnar athugasemdir sem og ábendingar á fyrri stigum skipulagsferilsins sem sveitarstjórn hefur kynnt sér sérstaklega og tekið afstöðu til.

Sveitarstjórn hefur brugðist við þeim ábendingum, m.a. með því að skýra betur samræmi við aðalskipulag og mögulega mænishæð bygginga ásamt umfangi deiliskipulagssvæðis. Sveitarstjórn telur að þó lóðir geti að einhverju marki talist rúmar, þá sé það m.a. til að ná yfir vatnsból, hestagerði o.fl. Þá nái fyrirhuguð uppbygging einungis yfir lítið svæði, um 1-2 ha svæði og það sé skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði en ekki öll lóðin. Forsætisráðuneytinu hafa verið kynntar tillögurnar og er þeirra umsögn jákvæð. Sveitarstjórn leggur áherslu á að um mjög hóflegar framkvæmdir sé að ræða sem ekki muni skerða möguleg víðerni, umfram það sem er nú þegar. Víðerni á Hrunamannafrétti hafa ekki verið kortlögð. Sveitarstjórn telur að uppbygging á skálasvæði í Svínárnesi sé ekki tilkynningarskyld framkvæmd, sbr. lög nr. 106/2000, lið 12.05.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagstillöguna eftir auglýsingu í samræmi við 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að hún verði send Skipulagsstofnun til yfirferðar áður en hún öðlast gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Mál nr. 17. Grákollur Hrunamannafrétti. Deiliskipulag fjallaskála.

Lagt er fram deiliskipulag fjallaskála að Grákolli á Hrunamannafrétti eftir auglýsingu til afgreiðslu. Athugasemdir bárust á auglýsingatíma.

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi fjallaselja (Leppistungur, Grákollur, Efri-Kisubotnar, Helgaskáli, Heiðará, Rofshólar, Frægðarver, Miklöldubotnar og Fosslækur) og skálasvæðis (Svínárnes). Skipulagstillagan hefur verið kynnt skv. 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýst skv. 1.mgr, 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Athugasemdir bárust frá Náttúruverndarsamtökum Suðurlands þar sem fyrri athugasemdir sem bárust við kynningu skipulagsins voru ítrekaðar. Skipulagsnefnd telur að brugðist hafi verið við þeim ábendingum sem eiga við, m.a. með því að skýra betur samræmi við aðalskipulag og mögulega mænishæð bygginga ásamt umfangi deiliskipulagssvæðis. Skipulagsnefnd UTU bendir á að þó að lóðir geti að einhverju marki talist rúmar, þá sé það m.a. til að ná yfir vatnsból, hestagerði o.fl. þá nái fyrirhuguð uppbygging einungis yfir lítið svæði, eða um 1-2 ha. sem skilgreint er sem afþreyingar- og ferðamannasvæði án þess að öll lóðin sé skilgreind sem slík. Víðerni á Hrunamannafrétti hafa ekki verið kortlögð. Skipulagsnefnd UTU telur að uppbygging á skálasvæði í Svínárnesi sé ekki tilkynningarskyld framkvæmd, sbr. lög nr. 106/2000, lið 12.05.

Umsögn barst frá Forsætisráðuneytinu dags. 4. maí 2020 þar sem ekki voru gerðar athugasemdir við deiliskipulagstillögur með fyrirvara um samþykki ráðuneytis fyrir nýtingu lands innan þjóðlenda, í samræmi við 3. mgr. 3. gr. laga nr.58/1998. Að auki tiltekur ráðuneytið í umsögn sinni mikilvægi þess að vernda óbyggð víðerni og að á miðhálandinu sé uppbygging ferðamannaaðstöðu takmörkuð við mannvirki sem byggð séu utan skilgreindra víðerna, á jaðri miðhálandisins og megin leiðum. Það gildi sérstaklega um uppbyggingu umfangsmeiri mannvirkja og þjónustu. Ráðuneytið óskaði umsagnar Umhverfis- og auðlindaráðuneyti m.t.t. þess hvort deiliskipulagstillaga samræmdist væntanlegum þjóðgarði á miðhálandinu. Þeirri umsagnarbeiðni var ekki svarað með formlegum hætti.

Skipulagsnefnd UTU leggur áherslu á að heimildir deiliskipulags feli í sér mjög hóflegar framkvæmdir sem muni ekki skerða möguleg víðerni, umfram það sem er nú þegar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki deiliskipulagstillögu eftir auglýsingu í samræmi við 41. og 42. gr. skipulagslaga nr.123/2010 og að hún verði send skipulagsstofnun til yfirferðar áður en hún öðlast gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Fyrir sveitarstjórn liggja framkomnar athugasemdir sem og ábendingar á fyrri stigum skipulagsferilsins sem sveitarstjórn hefur kynnt sér sérstaklega og tekið afstöðu til.

Sveitarstjórn hefur brugðist við þeim ábendingum, m.a. með því að skýra betur samræmi við aðalskipulag og mögulega mænishæð bygginga ásamt umfangi deiliskipulagssvæðis. Sveitarstjórn telur að þó lóðir geti að einhverju marki talist rúmar, þá sé það m.a. til að ná yfir vatnsból, hestagerði o.fl. Þá nái fyrirhuguð uppbygging einungis yfir lítið svæði, um 1-2 ha svæði og það sé skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði en ekki öll lóðin. Forsætisráðuneytinu hafa verið kynntar tillögurnar og er þeirra umsögn jákvæð. Sveitarstjórn leggur áherslu á að um mjög hóflegar framkvæmdir sé að ræða sem ekki muni skerða möguleg víðerni, umfram það sem er nú þegar. Víðerni á Hrunamannafrétti hafa ekki verið kortlögð.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagstillöguna eftir auglýsingu í samræmi við 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að hún verði send Skipulagsstofnun til yfirferðar áður en hún öðlast gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Mál nr. 18. Heiðará Hrunamannafrétti. Deiliskipulag fjallaskála.

Lagt er fram deiliskipulag fjallaskála að Heiðará á Hrunamannafrétti eftir auglýsingu til afgreiðslu. Athugasemdir bárust á auglýsingatíma.

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi fjallaselja (Leppistungur, Grákollur, Efri-Kisubotnar, Helgaskáli, Heiðará, Rofshólar, Frægðarver, Miklöldubotnar og Fosslækur) og skálasvæðis (Svínárnes). Skipulagstillagan hefur verið kynnt skv. 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýst skv. 1. mgr. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Athugasemdir bárust frá Náttúruverndarsamtökum Suðurlands þar sem fyrri athugasemdir sem bárust við kynningu skipulagsins voru ítrekaðar. Skipulagsnefnd telur að brugðist hafi verið við þeim ábendingum sem eiga við, m.a. með því að skýra betur samræmi við aðalskipulag og mögulega mænishæð bygginga ásamt umfangi deiliskipulagssvæðis. Skipulagsnefnd UTU bendir á að þó að lóðir geti að einhverju marki talist rúmar, þá sé það m.a. til að ná yfir vatnsból, hestagerði o.fl. þá nái fyrirhuguð uppbygging einungis yfir lítið svæði, eða um 1-2 ha. sem skilgreint er sem afþreyingar- og ferðamannasvæði án þess að öll lóðin sé skilgreind sem slík. Víðerni á Hrunamannafrétti hafa ekki verið kortlögð. Skipulagsnefnd UTU telur að uppbygging á skálasvæði í Svínárnesi sé ekki tilkynningarskyld framkvæmd, sbr. lög nr. 106/2000, lið 12.05. Umsögn barst frá Forsætisráðuneytinu dags. 4. maí 2020 þar sem ekki voru gerðar athugasemdir við deiliskipulagstillögur með fyrirvara um samþykki ráðuneytis fyrir nýtingu lands innan þjóðlenda, í samræmi við 3. mgr. 3. gr. laga nr.58/1998. Að auki tiltekur ráðuneytið í umsögn sinni mikilvægi þess að vernda óbyggð víðerni og að á miðhálandinu sé uppbygging ferðamannaaðstöðu takmörkuð við mannvirki sem byggð séu utan skilgreindra víðerna, á jaðri miðhálandisins og megin leiðum. Það gildi sérstaklega um uppbyggingu umfangsmeiri mannvirkja og þjónustu. Ráðuneytið óskaði umsagnar Umhverfis- og auðlindaráðuneytis m.t.t. þess hvort deiliskipulagstillaga samræmdist væntanlegum þjóðgarði á miðhálandinu. Þeirri umsagnarbeiðni var ekki svarað með formlegum hætti.

Skipulagsnefnd UTU leggur áherslu á að heimildir deiliskipulags feli í sér mjög hóflegar framkvæmdir sem muni ekki skerða möguleg víðerni, umfram það sem er nú þegar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki deiliskipulagstillögu eftir auglýsingu í samræmi við 41. og 42. gr. skipulagslaga nr.123/2010 og að hún verði send skipulagsstofnun til yfirferðar áður en hún öðlast gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Fyrir sveitarstjórn liggja framkomnar athugasemdir sem og ábendingar á fyrri stigum skipulagsferilsins sem sveitarstjórn hefur kynnt sér sérstaklega og tekið afstöðu til.

Sveitarstjórn hefur brugðist við þeim ábendingum, m.a. með því að skýra betur samræmi við aðalskipulag og mögulega mænishæð bygginga ásamt umfangi deiliskipulagssvæðis. Sveitarstjórn telur að þó lóðir geti að einhverju marki talist rúmar, þá sé það m.a. til að ná yfir vatnsból, hestagerði o.fl. Þá nái fyrirhuguð uppbygging einungis yfir lítið svæði, um 1-2 ha svæði og það sé skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði en ekki öll lóðin. Forsætisráðuneytinu hafa verið kynntar tillögurnar og er þeirra umsögn jákvæð. Sveitarstjórn leggur áherslu á að um mjög hóflegar framkvæmdir sé að ræða sem ekki muni skerða

möguleg víðerni, umfram það sem er nú þegar. Víðerni á Hrunamannafrétti hafa ekki verið kortlögð.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagstillöguna eftir auglýsingu í samræmi við 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að hún verði send Skipulagsstofnun til yfirferðar áður en hún öðlast gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Mál nr. 19. Rofshólar Hrunamannafrétti. Deiliskipulag fjallaskála.

Lagt er fram deiliskipulag fjallaskála að Rofshólum á Hrunamannafrétti eftir auglýsingu til afgreiðslu. Athugasemdir bárust á auglýsingatíma.

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi fjallaselja (Leppistungur, Grákollur, Efri-Kisubotnar, Helgaskáli, Heiðará, Rofshólar, Frægðarver, Miklöldubotnar og Fosslægur) og skálasvæðis (Svínárnes). Skipulagstillagan hefur verið kynnt skv. 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

